

## Jón Sveinsson í Sauðanesi 1803<sup>1</sup>

Anno 1803, þann 14. október, vorum við undirskrifaðir komnir að Sauðanesi á Ásum til að registra eftirlátið sterbú bóndans sál. Jóns Sveinssonar, hvör eð sálaðist þann 7. nóvember næstliðinn. Er svo þessum fjármunum framvísað af hans eftirlifandi ekkju, Sigríði Jónsdóttir, sem eftir fylgir.

	Rd.	Sk.
Í bókum		
Vídalínspostilla	1	12
Grallari		16
Dægrastyttingar 10 sk. og Kristindómur Vídalíns		20
Passio hugvekjur		10
Vikusálmar		10
Upprisu hugvekjur		12
Þorlákskver og handbók		16
Sálmar af Dómarabókinni		6
Hallgrímssálmar <sup>2</sup>		
Í kvenfatnaði		
Rauð klæðissvinta með þremur silfurhnöppum	2	24
Blátt klæðispils, gamalt	2	
Blátt einskeptupils	1	48
Blá svinta með silfurknapp		48
Kvenhempa forn	1	12
Ditto með saum	1	
Tvö tröf		48
Silkiklútur með teinum		48
Ditto betri	1	
Silkiklútur með ská[k]bordum		48
Hálssilki, rautt		68
Silkiklútur dökkleitur		64
Hálssilki og klútfiða		27
Svarblár <sup>3</sup> klútur		48
Hálsskyrta og kvenkot		26
Í karlmannafatnaði		
Síðhempa með klæðis uppslögum	1	
Blá peysa með silfurhúfuhnöppum	1	48
Blá ditto með hnöppum		68
Kalemangs brjóstadúkur	1	
Blá húfa með silkiskúf		20
Mussa og buxur af vaðmáli með 29 hnöppum spjarfont <sup>4</sup>		54
Hálsband af flosi með silfurhnöppum		8
Hattur með snúru		54

<sup>1</sup> Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu ED2/49. Skiptaskjöl 1803-1805 (nr. 110 skv. skrá Más Jónssonar).

<sup>2</sup> Hér er „óútlagt“ ritað á spássíu og ekkert verð gefið upp.

<sup>3</sup> Óljóst, líklega frekar „svar-“ en „dökk-“ en er ekki öruggt.

<sup>4</sup> Verður helst lesið svo.

Skinnhetta með lambskinns broti		32
Í rúmfötum		
Gamalt salungs áklæði		68
Einskeptu rekkjuvoðir		54
Sængurdýna og koddi með sneplum		54
Þrjár álnir af sortuðu vaðmáli		64
Í reiðskap og reiðtygjum		
10 pör bandreipa, 16 sk.	1	64
2 pör ólarreipa		32
3 klifberar með reiðsk[ap]		45
Hnakkur með reiða		48
Ístöð, hringur og gjörð		45
Lélegt beisli og þófi		32
Kvenþófi stór		45
Þófaól með kvenístöðum		48
Gjörð og beisli, sæmilegt		68
Í kistum og ílátum		
Stór kista skrálæst	1	24
Ditto lakari	1	
Pallkistill skorinn		18
Tveggja vætta kista léleg		68
Vættarkista járnalaus		24
Þrjár háltunnur		24
Fjórar körfur		16
Í bú- og eldsgög[nu]m		
Þriggja tunnu sár	1	12
Tveggja tunnu sár	2	
1 tunna með einum botni		24
2 kollur matheldar		20
2 sár ennnú, gamlir		40
4 trog, eitt af þeim lítið		36
Fjórar fötur, tekur 1 tíu merkur		32
6 askar matheldir		45
Tréskál og spónn		17
Pottkanna af tini		72
Mælikanna af tini		32
Askur 5 sk., rakhnífur 7 sk.		12
Fimm fjórðunga pottur nýr	8	
Sjö fjórðunga pottur	2	24
Fjórðung[s] pottur		68
Þriggja fjórðunga pott[ur]		32
Fimm marka pottur		18
Þriggja fjórðunga strokkur		45
Í aðskiljanlegu		
Rokkur 18 sk. og kamar 12 sk.		30

Fjögur pör bandprjóna		10
Þriggja marka glas og 3 glös minni		16
Fimm marka kútur		8
Tveir meisar lélegir		12
Kláfur 24 sk. og torfkrókar 12 sk.		36
Tvær varrekur		20
15 marka járnkarl 34 sk., og páll 32 sk.		66
Reisla með steinlóði		10
Hamarlöð og töng		34
Torfljár vænn og 3 ljáspíkur		68
Handexi léleg		7
Smiðjubelgur		18
Steðji vænn	1	
4 borð dönsk		48
2 rúm með fáum pallfjöllum ásamt því þriðja í hinum baðstofuendanum	2	
3 pokar		48
5 pund af sauðarskinnum		34
4 pund af nautskinni		40
2 orf og 2 hrífur		18

#### Í húsum

Fjárhús út á vellinum sem tekur rúmar 30 kindur rosknar, með auknum ásum, garðastokkum og garðaböndum, samt fullkomnum dyra umbúningi	2	
Annað ditto, lítið neðar, yfir 26 kindur, betur viðað en hitt, með garðastokkum og garðaböndum og hurð	2	
Þriðja ditto, brotin niður önnur hliðin, borð og spíra fylgir garðanum	1	16
Hesthús fyrir sunnan túnið með lausri hurð	1	12
Skemma fram á hlaðinu, tvö stafgólf að lengd, með skrá og lykli og nokkrum fjöllum upp á bitum	3	36
Í peningum til sagt upp á 20 rd. courant	20	
Silfurskeið með knappi og koparskeið, flatskeft	2	

#### Í fríðu

14 vetra gömul kýr rauðhöttótt, kálflaus	6	
Gamalkýr sem á að skera	4	
Kvígukálfur	2	
24 ær	24	
3 sauðir gamlir	4	24
1 hrútur tvævetur	1	32
1 hestur rauður, 12 vetra	4	48
Hrosshá	1	
Skjóttur færleikur, 11 vetra	4	
Rauður ditto, 12 vetra	4	
Jarpur foli	4	48
Ditto brúnskjóttur, 5 vetra	5	
Ditto jarpskjóttur, 5 vetra	5	
Húðarklár	1	48
Summa summarum	163	28

Hér næst var aðspurt hvort nú væru allir þeir fjármunir, sem þessu sterbúi tilheyrði, framvísaðir og öngvir orðið í gleymsku. Þar til svaraði ekkjan: Já. Þar næst var aðspurt hvörjar skuldir þetta sterbú ætti að gjalda. Voru þá þessar angefnar, nefnilega útfararkostnaður sem ekkjan reiknar að hlaupið hafi upp á 20 rd.

	Rd.	Sk.
[Útfararkostnaður]	20	
Til Sveins Halldórssonar í kaup í vor	10	
Til kaupstaðarins	3	
Landskuld	4	48
Morgungáfa	10	
Lambsfóður		<u>24</u>
Summa	47	72
Til uppskriftarmannanna		<u>64</u>
[Heildarsumma]	48	40

Erfingjar þessa sterfbús er ekkjan Sigríður Jónsdóttir og hennar einkadóttir, Ólöf Jónsdóttir, 24 ára.

Að svo fram farið hafi sem hér að framan greinir, degi síðar, vitna.  
Erlendur Guðmundsson, Þorsteinn Steindórsson

[Til<sup>5</sup> viðbótar þessu kveri eða hefti eru þrjú laus blöð, dagsett 29. janúar 1804, um skipti dánarbúsins, kann að vera að eitthvað lítilliga vanti framan og aftan á, en meginhlutinn er hér, fyrst kemur yfirlit skulda og hvað í þær er greitt]:

Skuldir	Rd.	Sk.
Í útfararkostnað sem er tilstaðinn 12 rd.: <sup>6</sup>		
1 gamall sauður 1 rd., 40 sk.; 1 hrútur tvævetur 1 rd., 32 sk.	2	72
Jarpur foli 4 rd., 48 sk.; þriggja tunna sár 1 rd., 12 sk.	5	60
Skemma fram á hlaðinu, tvö stafgólf að lengd, með skrá og lykli og nokkrum fjöllum upp á bitum 3 rd., 36 sk.; í peningum 24 sk.	<u>3</u>	<u>60</u>
[Summa]	12	

Sveinn Halldórsson vinnukaup eins árs, eru 10 rd.:		
Hnakkur með reiða 48 sk.; ístöð, hringjur og gjörð 45 sk.		93
3 álnir af sortuðu vaðmáli 64 sk.; húðarklár 1 rd., 48 sk.	2	16
Blá peysa með silfurhúfuhnöppum 1 rd., 48 sk.; síðhempa 1 rd.	2	48
Karlmanns brjóstadúkur 1 rd.; hrosshá 1 rd.	2	
Í peningum	<u>2</u>	<u>35</u>
[Summa]	10	

Til kaupstaðarins		
Í peningum 3 rd.	3	

Í landskuld 4 rd., 48 sk.:		
5 pund sauðskinn 34 sk.; 4 pund nautskinn 40 sk.		74
Tveir gamlir sauðir 2 rd., 80 sk.; í peningum 86 sk.	<u>3</u>	<u>70</u>

<sup>5</sup> Sú gjörð er færð inn í skiptabókina 29. janúar 1804 (ED1/1. Skiptabók 1792-1806). Hef borið nokkuð vel saman og lét þessa uppskrift duga.

<sup>6</sup> Hefur þá verið lækkaður um 8 ríkisdali frá fyrri uppskrift.

[Summa]	4	48
Ekkjunnar morgungáfa er af viðkomendum er tilstaðin <sup>7</sup> 10 rd.:		
Silfurskeið með hnappi og koparskeið flatskept	2	
Rauður hestur 12 vetra, 4 rd., 48 sk.; Vídalínspostilla 1 rd., 12 sk.	5	60
Stór kvenþófi 45 sk.; þófaól með kvenístöðum 48 sk.		93
Gjörð og beisli sæmilegt 68 sk.		68
Dökkleitur silkiklútur 64 sk.; í peningum 3 sk.		67
[Summa]	10	
Lambsfóður 24 sk.:		
Einir kláfar		24
Uppskriftar og registrations laun:		
Í peningum		64
Til sýslumannsins:		
Skiptasalarium 1 rd., 21 sk.		
Skiptabréfið 2 rd.		
Skiptavottalaun 48 sk.		
Innsiglispeningar 20 sk.		
[Summa]: 3 rd., 90 sk.		
[Greitt] í peningum	3	90
Skuldanna summa	44	34
Stefbúsins massa:		
Þar frá dregnar skuldir	163	28
Kemur svo til skipta	44	34
Í tvo staði, nefnilega til ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur og hennar einkadóttur Ólafar Jónsdóttur, hverrar fyrir sig	118	90
	59	45
Ekkjunnar Sigríðar Jónsdóttur lóð, 59 rd., 45 sk.		
Í bókum		
Grallari 16 sk.; Dægrastytting 10 sk.; Sálmar af Dómarabókinni 6 sk.		32
Vikusálmar 10 sk.; Upprisuhugvekjur 12 sk.		22
Í kvenfatnaði		
Rauð klæðissvunta með 3 silfurhnöppum	2	24
Blátt klæðispils gamalt 2 rd.; kvenhempa með saum 1 rd.	3	
Silkiklútur með teinum 48 sk.; hálssilki og klútfíða 27 sk.;		
svarblár <sup>8</sup> klútur 48 sk.	1	27
Tvö tröf 48 sk.		48
Í karlmannsfatnaði		
Mussa og buxur af vaðmáli með 29 hnöppum og spjarfornt <sup>9</sup>		54

<sup>7</sup> Óljóst.

<sup>8</sup> Verður helst lesið svo, sbr. framar í uppskrift búsins.

<sup>9</sup> Verður helst lesið svo.

Hálsband af flosi með silfurhnöppum 8 sk.; hattur með snúru 54 sk. 62

#### Í rúmfötum

Einskeptu rekkjuvoðir 54  
Sængurdýna og koddí með sneplum 54

#### Í reiðskap

10 pör bandreipa 1 rd., 64 sk.; 2 pör ólar dito 32 sk.;  
3 klifberar 48 sk. 2 45

#### Í kistum og ílátum

Stór kista 1 rd.; pallkistill skorinn 18 sk. 1 18  
Tveggja vætta kista léleg 68 sk.; þrjár hálfturnur 24 sk. 92

#### Í bú- og eldsgögnum

1 tunna með 1 botni 24 sk.; tveir sáir gamlir 40 sk. 64  
Tvær kollur matheldar 20 sk.; 4 trog, eitt af þeim lítið 36 sk. 56  
Þriggja fjórðunga strokkur 45 sk.; pottkanna af tini 72 sk. 1 21  
5 fjórðunga pottur nýr 8 rd.; eskjur 5 sk.; fjórðungspottur 68 sk. 8 73  
Þriggja fjórðunga pottur 32  
Tréskál og spónn 17

#### Í aðskiljanlegu

Rokkur 18 sk.; kambar 12 sk.; þriggja marka glas og 3 glös minni 16 sk. 46  
Tveir meisar lélegir 12 sk.; 2 varrekur 20 sk. 32  
Torfljár vænn og þrjár spíkur 68 sk.; smiðjubelgur 18 sk. 86  
3 pokar 48 sk.; tvö orf og tvær hrífur 18 sk. 66

#### Í húsum

Fjánhús úti á vellinum er tekur rúmar 30 kindur rosknar,  
með auknum garðastokkum og garðaböndum,  
samt fullkomnum dyra umbún[ingi] 2  
Hesthús fyrir sunnan túnið með lausri hurð 1 12

#### Í fríðu

14 vetra gamalkýr rauðhöttótt, kálflaus 6  
12 ær, 12 rd.; skjóttur færleikur 11 vetra 4 rd. 16  
Brúnskjóttur foli, 5 vetra 5

#### Í peningum

Summa 64  
59 45

#### Ólafar Jónsdóttur lóð 59 rd., 45 sk.

#### Í bókum

Kristindómur Vídalíns 10 sk.; Passíuhugvekjur 10 sk.;  
Þorláksskver og Handbók 16 sk. 36

#### Í kvenfatnaði

Blátt einskeptupils 1 rd., 48 sk.; blá svinta með silfurknappi 48 sk.	2	
Kvenhempa forn 1 rd., 12 sk.; silkiklútur með teinum 1 rd.	2	
Silkiklútur með skákborðum 48 sk.; rautt hálssilki 68 sk.	1	20
Dökkblár klútur 48 sk.; hálsskyrta og kvenkot 26 sk.		74

#### Í karlmannsfatnaði

Blá húfa með silkiskúf 20 sk.; blá peysa með hnöppum 68 sk.		88
Skinnhetta með lambskinnsbroti		32

#### Í rúmfötum

Gamalt salúns áklæði		68
----------------------	--	----

#### Í reiðtygjum

Lélegt beisli og þófi		32
-----------------------	--	----

#### Í kistum og flátum

Stór kista skrálæst 1 rd., 24 sk.; vættarkista járnalaus 24 sk.	1	48
Körfur fjórar		16

#### Í bús- og eldsgögnum

Tveggja tunna sár 2 rd.; 4 fötum tekur 1 tíu merkur 32 sk.	2	32
6 askar matheldir 45 sk.; mælikanna af tini 32 sk.		77
Rakhnífur 7 sk.; 7 fjórðunga pottur 2 rd., 24 sk.; 5 fjórðunga pottur 18 sk.	2	49

#### Í aðskiljanlegu

4 pör bandprjóna 10 sk.; 5 marka kútur 8 sk.;		
15 marka járnkarl 34 sk.; páll 32 sk.		84
Reisla með steinlóði 10 sk.; steðji vænn 1 rd.; 4 borð dönsk 48 sk.	1	58
Handöxi léleg 7 sk.; hamar, lóð og töng 34 sk.		41
2 rúm með fáum pallfjöllum ásamt því þriðja í hinum baðstofuenda Torfkrókar	2	12

#### Í húsum

Fjárhús út og niður á vellinum yfir 26 kindur, betur viðað en það sem ofar stendur, með garðastökkum og garðaböndum og hurð	2	
Eitt dito, brotin niður önnur hliðin, borð og spíra fylgir garðanum	1	16

#### Í fríðu

Gömul kýr, á að skera 4 rd.; kvígukálfur 2 rd.	6	
12 ær 12 rd.; rauður færleikur 12 vetra 4 rd.	16	
Jarpskjóttur foli 5 vetra	5	

#### Í peningum

Summa	8	18
	59	45

Formyndari Ólafar er skikkaður afabróðursonur hennar, bóndinn Árni Pétursson á Ljótshólum í Svínadal.